

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Suður-Kóreu, Vietnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, S-Kóreu, Vietnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 23. ágúst og gildir til 15. desember 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. ágúst 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólóf Vilhjálmsdóttir.